

Erasmus+ lokaskýrslur í stúdenta-og starfsmannaskiptum

Almennar leiðbeiningar fyrir háskóla – fyrsta útgáfa

Markmið leiðbeininganna

Markmiðið er að auka gæði og gagnsemi skýrslna og gera framúrskarandi verkefni íslenskra háskóla sýnilegri. Leiðbeiningarnar veita einföld tilmæli um gerð lokaskýrslna til að tryggja sameiginlegan skilning og sameina helstu hagnýtu upplýsingar um inntak þeirra og styðja þannig við [tæknilegar leiðbeiningar](#) framkvæmdastjórnar ESB. Leiðbeiningarnar eru ekki tæmandi og kunna að taka breytingum. Komi upp misræmi gilda gögn framkvæmdastjórnar ESB. Háskólar bera endanleg ábyrgð á gæðum og efni lokaskýrslna. Leiðbeiningarnar miða við KA131 en geta einnig gagnast við gerð KA171 lokaskýrslna.

Tilgangur lokaskýrslna

Lokaskýrslur eru helsta verkfæri Landskrifstofu til að meta árangur í framkvæmd verkefna og miðla upplýsingum um stöðu mála á Íslandi til framkvæmdastjórnar ESB. Þær skulu, auk upplýsinga um þátttakendafjölda og nýtingu styrkja, greina frá árangri í innleiðingu Erasmus+ stefnuvirlýsingar (*Erasmus Policy Statement*) háskólans og uppfyllingu skuldbindinga [Erasmus+ vottunar háskólastigs](#) (ECHE).



Háskólar geta einnig nýtt lokaskýrslur sem hluta af reglubundnu innra gæðamati og stefnumótun.

Mat á lokaskýrslu

Landskrifstofa metur í lokaskýrslu hvort verkefni hafi verið framkvæmt í samræmi við styrksamning, hvort gæðakröfur og skilmálar ECHE hafi verið uppfylltir og hvort styrkir til þátttakenda hafi verið greiddir samkvæmt styrksamningi. Háskólum ber einnig að gera grein fyrir innleiðingu [forgangsatriða Erasmus+](#), inngildingar, grænna og stafrænna áherslna og virkrar þátttöku, á tímabilinu. Einkunnagjöf fer eftir matskvarðanum hér að neðan og nánari upplýsingar um einstaka þætti má finna í lokaskýrsluforminu og í þessum leiðbeiningum.

Árangur framkvæmdar – hámark 50 stig

- Hversu vel náði háskólinn að framkvæma fyrirhuguð stúdenta- og starfsmannaskipti og blönduð hraðnámskeið í samræmi við styrksamning, nýta styrkinn skilvirkt og veita viðeigandi skýringar á niðurstöðum verkefnisins?

Gæði framkvæmdar og samræmi við skilmála ECHE – hámark 35 stig

- Hversu vel var verkefnið framkvæmt í samræmi við kröfur ECHE og forgangsatriði Erasmus+, og eru skýringar háskólans á gæðum starfseminnar viðeigandi?

Eftirfylgni og áhrif verkefnis – hámark 15 stig

- Hversu viðeigandi hafa áhrif verkefnisins verið á háskólann og þátttakendur og hefur miðlun niðurstaðna innan háskólans og til annarra hagsmunaaðila verið við hæfi?

Undirbúningur lokaskýrslna

Til að undirbúa gæða lokaskýrslur geta háskólar haldið innri skrá yfir helstu umbótaverkefni í framkvæmd og þjónustu, viðburði, atvik og dæmi tengd ECHE og forgangsatriðum Erasmus+ á tímabilinu. Gagnlegt getur verið að safna endurgjöf frá viðeigandi starfsfólki í stjórnsýslu og nemenda- og starfsmannþjónustu, auk þátttakenda og annarra alþjóðafulltrúa, til að fá heildstæða yfirsýn yfir tækifæri og áskoranir. Innri fundir geta verið nytsamlegir til að sannreyna



Gott er að rifja upp fyrri lokaskýrslur og endurgjöf Landskrifstofu í undirbúningsferlinu.

niðurstöður úr lokaskýrslum þátttakenda og draga fram áþreifanleg dæmi sem varpa ljósi á helstu niðurstöður, frávik eða marktækar breytingar milli ára. Tryggja skal að upplýsingar sem safnað er séu viðeigandi og í samræmi við persónuverndarlög.

Texti í lokaskýrslum

Háskólar geta skilað lokaskýrslu á íslensku eða ensku en samantekt verkefnisins skal alltaf vera á ensku, þar sem hún birtist á [Erasmus+ Project Results Platform](#) og er opin almenningi. Textinn þarf ekki að vera tæknilegur, flókinn eða langur en skal vera skýr og gefa raunsanna mynd af stöðu mála með markvissum og sértækum upplýsingum fyrir tímabilið. Ef Landskrifstofa lagði til úrbætur í síðasta lokabréfi skal skýra frá viðbrögðum við þeim. Í tilfellum þar sem upplýsingar eða verkferlar eru óbreyttir má endurnýta texta, en taka skal það fram. Ekki er ásættanlegt að sleppa spurningum í lokaskýrslunni nema þær eigi greinilega ekki við og skal þá tilgreina það í svari.



Til að stuðla að gæðum textans er gott að nota dæmi, vísa í fyrri lokaskýrslur og bera saman tölfraði til að sýna þróun og meta árangur.

Að greina frá árangri í framkvæmd

Tryggja skal að allar upplýsingar um styrkúthlutanir séu réttar og uppfærðar í umsýslukerfinu *Beneficiary Module* áður en lokaskýrsluskrif hefjast. Háskólar skulu meta hvort styrkurinn hafi verið nýttur á skilvirkan hátt í samræmi við markmið, einkum með tilliti til þátttakendafjölda og blandaðra hraðnámskeiða. Taka skal fram hvort einhverjar ófyrirséðar innri eða ytri aðstæður hafi haft áhrif á árangur. Gagnlegt er fyrir Landskrifstofu að fá upplýsingar um hvort háskólinn hafi einhver áform til að bæta árangur framkvæmdar í næstu verkefnum.

Að greina frá gæðum framkvæmdar og samræmi við ECHE

Gott er að hafa [ECHE-handbókina](#) við höndina við skýrslugerð til að rifja upp skilgreiningar á skuldbindingum og hvað þær fela í sér í framkvæmd. Mikilvægt er að háskólar skoði endurgjöf



Vel útfærðar samantektir veita yfirleitt skýrari innsýn en stutt, endurtekin svör.

þátttakenda um atriði sem tengjast ECHE, s.s. aðgengi að upplýsingum, stuðning við þátttakendur og mat á einingum, og túlki niðurstöðunnar. Eftir því sem við á skal skýra hvað háskólinn telur liggja að baki jákvæðri eða neikvæðri endurgjöf og leggja til úrbætur. Ekki er nauðsynlegt að útskýra endurgjöf hvers einstaka atriðis þar sem skýringar geta átt við

um fleiri en eitt atriði eða þegar skýringar bæta engu við. Markmiðið er að draga fram þau atriði sem skipta mestu máli fyrir mat á gæðum verkefnisins.

Einnig er mikilvægt að tilgreina hvernig háskólinn hefur unnið að innleiðingu [Erasmus+ forgangsatriðanna](#) og túlka niðurstöður þátttakendaskýrsla sem snúa að þeim. Flestir háskólar hafa þegar stefnur eða verkefni sem tengjast Erasmus+ forgangsatriðum. Innleiðing forgangsatriðanna í stúdenta- og starfsmannaskiptum getur því einnig falist í því að tengja núverandi verkefni og stefnur betur við framkvæmd Erasmus+ til viðbótar við ný eða sértæk verkefni alþjóðafulltrúa. Hér að neðan má finna samantekt á upplýsingum sem geta aðstoðað háskóla við að fjalla um innleiðingu forgangsatriðanna í lokaskýrslum.



Ekki nægir að nefna almennar stefnur háskólans án útskýringa á áhrifum þeirra á framkvæmd verkefnisins.

Inngilding (inclusion and diversity)

Háskólar skulu tryggja að Erasmus+ tækifæri séu aðgengileg fyrir öll og styðja við þátttöku einstaklinga sem mæta líkamlegum, andlegum, félagslegum, efnahagslegum eða öðrum hindrunum, meðal annars með því að fjölga þeim sem fá úthlutað [inngildingarstyrkjum](#), auk þess að tryggja fjölbreyttan hóp þátttakenda með tilliti til kyns og annarra þátta.

Dæmi um verkefni

- Móta stefnu um inngildinguna í Erasmus+, skipa inngildingarfulltrúa, halda námskeið fyrir starfsfólk, búa til fræðsluefni fyrir þátttakendur, búa til kynningarefni og halda viðburði til að auka sýnileika inngildandi tækifæra í Erasmus+

Gagnlegir hlekkir

- [Implementation guidelines - Inclusion and Diversity Strategy](#) veitir lykilupplýsingar
- [SALTO Inclusion and Diversity](#) miðstöðin veitir ýmsar leiðbeiningar um inngildinguna
- [Erasmus+ Mobility Inclusion scan](#) tækið getur nýst háskólum til að leggja mat á eigin stöðu

Stafrænar áherslur (digital transition)

Háskólar skulu nýta stafræna tækni til að bæta námsupplifun, umsýslu og samskipti og auka aðgengi að Erasmus+ tækifærum, jafnframt sem nemendum og starfsfólki er gert kleift að efla stafræna færni í gegnum stúdenta- og starfsmannaskipti og með blönduðu námi og þjálfun.

Dæmi um verkefni

- Skipuleggja blönduð hraðnámskeið sem efla stafræna hæfni, innleiða stafræna umsýslu í samræmi við [European Student Card Initiative](#), hvetja nemendur til að fara í [stafræna starfsþjálfun erlendis](#) eða taka námskeið sem efla stafræna þekkingu sem hluta af skiptinámi

Gagnlegir hlekkir

- [Implementation guidelines – Digital Strategy](#) veitir lykilupplýsingar
- [SALTO Digital](#) miðstöðin veitir ýmsar leiðbeiningar um stafræna þróun
- [Good practices in the implementation of the virtual component](#) veitir ráð um samstarf í gegnum netið í blönduðum hraðnámskeiðum (BIPs)

Grænar áherslur (green transition)

Háskólar skulu stuðla að sjálfbærni og umhverfisvitund í Erasmus+ verkefnum með því að samþætta grænar lausnir í framkvæmd þeirra og upplýsa þátttakendur um leiðir til að minnka kolefnisfótspor og vernda umhverfið bæði á meðan dvöl stendur og til lengri framtíðar.

Dæmi um verkefni

- Halda námskeið og útbúa fræðsluefni um sjálfbærni, útbúa „græna tékklista“ fyrir þátttakendur sem koma og fara frá háskólanum, skipuleggja viðburði og námskeið á umhverfissvænan hátt, vinna með umhverfissamtökum og hvetja þátttakendur til að dýpka þekkingu á sjálfbærni sem hluta af dvöl erlendis

Gagnlegir hlekkir

- [Implementation guidelines – Green Strategy](#) veitir lykilupplýsingar
- [SALTO Green](#) miðstöðin veitir ýmsar leiðbeiningar um grænar áherslur
- [Sustainability in online education](#) skýrslan inniheldur gátlista fyrir umhverfissvænt nám á netinu

Virk þátttaka (Participation in democratic life, common values and civic engagement)

Háskólar skulu leitast við að efla borgaravitund nemenda og starfsfólks, hvetja til þátttöku í lýðræðislegum ferlum og samfélagslegri ábyrgð og styrkja skilning á Evrópusambandinu og sameiginlegum gildum þess, s.s. samstaða, lýðræði, mannréttindi og jafnrétti.

Dæmi um verkefni

- Halda úti mentor-verkefni, hvetja til þátttöku í sjálfbærni og áhrifum erlendis, bjóða upp á einingar eða viðurkenningar fyrir þátttöku í samfélagslegum verkefnum, skipuleggja virkt samráð við nemendur og starfsfólk um Erasmus+ stefnumótun og ferla, fræða alla þátttakendur um ESB og sameiginleg gildi þess, halda námskeið um borgaravitund og samfélagslega ábyrgð, hvetja til þátttöku í nemendaráðum og samtökum á borð við Erasmus Student Network (ESN)

Gagnlegir hlekkir

- [SALTO Participation and Information](#) miðstöðin veitir ýmsar leiðbeiningar og hugmyndir um virka þátttöku og borgaravitund
- [Civic Engagement in future European Universities Campuses](#) verkefnið veitir innsýn í hvernig háskólar geta stutt við virka þátttöku nemenda

Að greina frá eftirfylgni og áhrifum verkefnis

Háskólinn skal útskýra hvernig verkefnið hefur haft áhrif á þátttakendur, starfsemi háskólans og aðra hagsmunaaðila og hvort þessi áhrif samræmast *Erasmus+ Policy Statement* og stefnum ESB á sviði háskólamála, svo sem um aukið alþjóðlegt samstarf, hreyfanleika nemenda og starfsfólks



Reynið að sýna afmörkuð og raunveruleg dæmi um áhrif og kynningarmál en ekki eingöngu almennar lýsingar.

og fullt mat á einingum í samræmi við Bologna-ferlið. Þá skal jafnframt gera grein fyrir því hvernig niðurstöðum og reynslu þátttakenda var miðlað innan háskólans og út á við og hvernig kröfur ESB um merkingar og sýnileika í samræmi við ákvæði styrkssamnings hafi verið uppfylltar.